

REGLUR LYKILS FJÁRMÖGNUNAR HF.

UM VIÐSKIPTI STARFSMANNA VIÐ
FÉLAGIÐ



Reglur Lykils fjármögnunar hf. um viðskipti starfsmanna við félagið

1. gr. – Gildissvið

Reglur þessar eru settar af stjórn Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) og mæla fyrir um hvernig staðið skuli að viðskiptum starfsmanna við félagið og viðskiptum félagsins við þá, sbr. 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Með viðskiptum samkvæmt reglum þessum er átt við hvers konar fjármögnun með gerð fjármögnunarsamninga.

2. gr. – Viðskipti starfsmanna

Starfsmenn Lykils hafa heimild til að eiga viðskipti við félagið og skulu þau, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn Lykils í sambærilegum viðskiptum.

Skilyrði fyrir viðskiptum starfsmanna við Lykil er að samningsbundnar greiðslur séu dregnar af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns. Önnur tilhögun skal samþykkt sérstaklega af framkvæmdastjóra, eða eftir atvikum stjórn félagsins.

Lykli er heimilt að veita starfsmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg kjörum sem viðskiptamönnum bjóðast hjá Lykli, að teknu tilliti til öruggari aðgangs félagsins að endurgreiðslum í gegnum launagreiðslur til starfsmanns.

Starfsmönnum er heimilt að óska einu sinni á ári eftir því að kaupa vélknúð ökutæki (eða fylgihluti) í eigu Lykils og skal framkvæmdastjóri setja nánari reglur um afgreiðslu slíkra viðskipta.

Hámarksfyrirgreiðsla til einstaks starfsmanns og aðila í nánnum tengslum við hann skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni félagsins en getur þó numið allt að 100 milljónum króna. Hámarksfyrirgreiðsla til framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna eða aðila í nánnum tengslum við þá skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni félagsins eða allt að 200 milljónir króna. Tryggingar fyrir slíkum viðskiptum skulu vera í samræmi við gildandi fjármögnunarreglur Lykils og gildandi stjórnvaldsfyrirmæli hverju sinni.

Starfsmönnum Lykils er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart Lykli varðandi fyrirgreiðslur eða önnur viðskipti.

Starfsmönnum Lykils er óheimilt að framkvæma eða koma að hvers konar afgreiðslu viðskipta fyrir eigin hönd eða aðila nákomna viðkomandi.

Ákvarðanir um fyrirgreiðslu til starfsmanna annarra en lykilstarfsmanna Lykils skulu samþykktar af lánastjóra.

3. gr. – Viðskipti framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna við Lykil hf.

Framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn Lykils hafa heimild til viðskipta hjá Lykli með sömu skilyrðum og aðrir starfsmenn Lykils, sbr. 2. gr. Um hámarksfyrirgreiðslu til framkvæmdastjóra og aðila í nánnum tengslum við hann sem og lykilstarfsmanna gilda einnig sömu reglur og einnig varðandi tryggingar fyrir slíkum viðskiptum, sbr. þó 5. gr. reglna nr. 247/2017. Framkvæmdastjóri heldur skrá yfir lykilstarfsmenn félagsins á hverjum tíma.

Samningur Lykils um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra eða aðila í nánnum tengslum við hann er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð í gerðarbók stjórnar og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu eftir því sem við á.

Viðskipti lykilstarfsmanna Lykils við félagið skulu samþykktar af framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóra er þó heimilt að leggja fyrir stjórn viðskipti lykilstarfsmanna við félagið til samþykktar.

4. gr. – Eftirlit

Upplýsa skal framkvæmdastjóra um óskir um greiðslufrest starfsmanns eða maka hans. Jafnframt skal yfirmaður áhættustýringar í tengslum við gerð ársreiknings og hálfársuppgjör taka saman og afhenda framkvæmdastjóra yfirlit yfir fyrirgreiðslur og greiðslufresti starfsmanna og maka þeirra. Innri endurskoðandi hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara.

5. gr. – Breytingar

Stjórn Lykils skal gera nauðsynlegar breytingar á starfsreglum þessum eftir því sem tilefni er til. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

6. gr. - Gildistaka

Reglur þessar skulu undirritaðar af stjórn Lykils fjármögnunar hf. og skulu birtar opinberlega, skv. 57. gr. laga nr. 161/2002.

Reykjavík, 28. mars 2019

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.

DRYNOA D. STEINSEN
[Handwritten signatures]